



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2025

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti)**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti), 89. mál. Samtökin styðja frumvarpið eindregið.

Með frumvarpinu er lagt til að Umhverfis- og orkustofnun verði heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi, að fallast á flýtimeðferð við afgreiðslu umsókna um virkjanaleyfi. Lagðar eru til breytingar á 1. og 2. mgr. 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 þannig að ljóst sé að ákvæðið taki til breytinga á vatnshloti vegna framkvæmda, svo sem vatnsaflsvirkjana, auk þess sem lagt er til að virkjunarframkvæmdir sem falli undir orkunýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og nýtingaráætlun teljist uppfylla skilyrði b-liðar 2. mgr. 18. gr. laganna. Þá er lagt til að ákvörðun um breytingu á vatnshloti verði sameinuð viðkomandi leyfisákvörðun þegar framkvæmd er háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar. Samtökin lýsa yfir stuðningi við frumvarpið og telja afar brýnt að það nái fram að ganga.

Orkuöryggi er ein af grunnstoðum íslensks samfélags og samkeppnishæfni Íslands. Raforka gegnir enn fremur lykilhlutverki í þeim orkuskiptum sem framundan eru og skiptir aukið raforkuframboð miklu máli fyrir vöxt og viðgang samfélagsins og atvinnulífsins. Raforkuframboð hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins sl. 20 ár og hafa fjölmörg tækifæri til atvinnuuppbyggingar glatast síðastliðin ár vegna skorts á raforku. Í raforkuspá Landsnets 2024-2050 kemur fram að ekki séu nægilega margir virkjanakostir í nýtingarflokki til að mæta orkuskiptum. Í orkustefnu Íslands til ársins 2050 kemur fram sú framtíðarsýn að Ísland skuli vera land hreinnar orku árið 2050 þar sem jarðefnaeldsneyti hefur alfarið vikið fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum og orkuöryggi tryggt með framboði margvíslegra endurnýjanlegra orkukosta og traustum innviðum. Ljóst er að langt er í land til að Ísland nái þeirri framtíðarsýn en íslenskt samfélag flytur inn á ársgrundvelli á bilinu milljón til eina og hálfa milljón tonn af olíu og er ekki útlit fyrir að það breytist á næstunni. Framangreind staða hefur leitt til hærra raforkuverðs og skerðinga á forgangsorku með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni fyrirtækja, útflutningstekjur og hagvöxt.



Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það lagt fram í framhaldi af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2457/2024 þar sem ógilt var heimild Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshlotinu Þjórsá 1 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hvammsvirkjun sem og ákvörðun Orkustofnunar um að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka raforkuverið Hvammsvirkjun. Var það mat dómsins að ekki væri fyrir hendi lagastoð í a-lið 1. mgr. 18. gr. laga um stjórn vatnamála til að heimila breytingu á vatnshloti vegna framkvæmda, þ.á.m. vatnsaflsvirkjana. Í greinargerðinni kemur fram að mikilvægt sé að löggjöfin kveði skýrt á um að heimila megi breytingu á vatnshloti vegna framkvæmda í þágu almannahagsmuna að undangengnu heildstæðu mati. Slíkt geti verið forsenda markmiða um raforkuöryggi, orkuskipti, atvinnuuppbyggingu, byggðaðróun og annarra markmiða í almannapágu. Þá sé það í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðarramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum, sem lögum um stjórn vatnamála var ætlað að innleiða, eins og tilskipunin hefur verið túlkuð af Evrópudómstólum. Er lagasetningin talin nauðsynleg til að bregðast við þeirri óvissu sem skapast hefur í kjölfar framangreinds héraðsdóms sem hefur þá þýðingu að lagastoð skorti fyrir hvers konar framkvæmdum á Íslandi sem leiða til breytinga á vatnshloti.

Samtökin taka undir framangreint og telja í þessu sambandi rétt að ávarpa þær áhyggjur sem viðraðar hafa verið um að frumvarpið brjóti gegn 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Í umsögn fræðimannsins Kees Bastmeijer er vísað til leiðbeininga Mannréttindadómstólsins um 6. gr. sáttmálans þar sem gert er grein fyrir dómaframkvæmd dómstólsins um ákvæðið. Ljóst sé af leiðbeiningunum og dómaframkvæmd að réttlát málsmeðferð í skilningi sáttmálans feli í sér að hvers kyns afskipti löggjafans af dómsvaldinu sem sé til þess fallin að hafa áhrif á dómsniðurstöðu sé óheimil. Þó heimilt sé að breyta löggjöf fyrir eða eftir dómsúrlausn sé það ekki heimilt á meðan málsmeðferð fyrir dómstóla stendur, m.a. áfrýjun. Þessu til stuðnings reifar fræðimaðurinn nokkra dóma Mannréttindadómstólsins.

Framangreindir dómar eiga það allir sameiginlegt að snúast um löggjöf sem miðuð var að því að breyta réttarástandi með afturvirkum hætti. Í lið 194. í framangreindum leiðbeiningum um 6. gr. segir:

*Entry into force of a law when a case to which the State is a party is still pending: the Court is especially mindful of the dangers inherent in the use of **retrospective legislation** which has the effect of influencing the judicial determination of a dispute to which the State is a party, including where the effect is to make pending litigation unwinnable. Any reasons adduced to justify such measures must be closely examined [...] In principle the legislature is not precluded in civil matters from adopting new **retrospective** provisions to regulate rights arising under existing laws. Article 6 does, however preclude any interference by the legislature with the administration of justice designed to influence the judicial determination of a dispute – except on “compelling grounds of the general interest”.*

Þó að fram komi í frumvarpinu að markmið þess sé að bregðast við framangreindum dómi þá er ljóst að lögunum er ekki ætlað að gilda með afturvirkum (e. retrospective) hætti. Frumvarpinu er hins vegar ætlað að bæta úr þeirri réttarstöðu sem dómur héraðsdóms hefur leitt í ljós og skapa skilyrði fyrir flýtimeðferð mála í sérstökum tilvikum. Er ekkert sem stendur í vegi fyrir að sótt verði um virkjanaleyfi að nýju.



Samtökin lýsa því yfir eindregnum stuðningi við samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Guðný Hjaltadóttir', is written over a horizontal line.

Guðný Hjaltadóttir  
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði